

Fimmtudaginn 7. mars 1996.

Nr. 385/1995.

Ákærvaldið

(Hallvarður Einvarðsson ríkissaksóknari)
gegn

X

(Örn Clausen hrl.)

Kynferðismál. Sératkvæði.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Haraldur Henrysson, Garðar Gíslason, Hjörtur Torfason, Hrafn Bragason og Pétur Kr. Hafstein.

Máli þessu var skotið til Hæstaréttar af hálfu ákærvalds með stefnu 20. nóvember 1995, og er þess krafist, að ákærði verði sakfelldur samkvæmt ákæru og dæmdur til refsingar. Þá er þess krafist, að hann verði dæmdur til að greiða skaðabætur auk vaxta og kostnaðar, eins og í ákæru greinir.

Ákærði krefst sýknu af öllum kröfum ákærvalds og frávísunar á bótakröfu.

Nokkur ný skjöl hafa verið lögð fyrir Hæstarétt.

I.

Í héraðsdómi er greint frá aðdraganda þess, að kærandi og ákærði fóru saman heim til ákærða í Kópavogi aðfaranótt 5. nóvember 1994. Áður höfðu þau komið í hús í Breiðholti, þar sem kærandi taldi sig hafa orðið fyrir áreitni pílta, er þar voru, en ákærði hafi þá hjálpað sér. Eru þau sammála um, að vel hafi farið á með þeim, þar til að atburðum þeim kom, sem mál þetta fjallar um. Eftir að ákærði afklæddist og lagðist til svefns í herbergi sínu, kom kærandi þangað og kvaðst vilja fara heim. Ber þeim saman um, að ákærði hafi sagt, að hún skyldi leggja sig hjá honum í rúmið og sofa þar til morguns, er hann myndi aka henni heim. Hún kveðst hafa lagst í rúmið í öllum fötum, en hún hafi verið í síðu pilsí, sokkabuxum og peysu. Ákærði segir, að hún hafi klætt sig úr að neðan, úr buxum eða pilsí, og hafi komið upp í rúmið á nærbuxum. Í héraðsdómi eru raktar frásagnir beggja um það, sem síðan gerðist. Kærandi kveðst fljótlega hafa farið heim eftir það. Hafi ákærði beðið sig að segja engum

frá því, er gerðist, því að hann ætti unnustu. Ákærði segir, að hann hafi sagt henni, að hann væri með stúlku og ætti von á henni. Vildi hann ekki, að hún sæi kæranda. Kærandi hafi hins vegar verið gröm yfir þessu, ekki viljað fara og haft á orði, að hún vildi segja unnustu hans, hvers konar maður hann væri. Hafi hann hálfýtt henni út.

Leigubifreiðarstjóri sá, er ók kæranda heim til hennar um morguninn, kvað hana hafa verið mjög miður sín. Hún hafi aðspurð sagt, að ekkert hefði gerst, en hún hefði haldið, að þetta væru vinir sínir.

Eins og fram kemur í héraðsdómi, lagði kærandi ekki fram kæru hjá Rannsóknarlögreglu ríkisins fyrr en 23. nóvember 1994. Hins vegar fór hún á slysadeild Borgarspítalans í neyðarmóttöku vegna nauðgunar aðfaranótt 6. nóvember. Er í héraðsdómi greint frá frásögn hennar þar og gögnum um læknisskoðun á henni. Kemur þar fram, að talsvert sá á kynfærum hennar, og er það álit læknanna Rannveigar Pálsdóttur og Arnars Haukssonar, að slíkir áverkar geti tæpast komið við samfarir með vilja beggja, þótt hvorugt virðist telja útilokað, að það gæti gerst. Í framburði ákærða kom fram, að kærandi hefði kveinkað sér eitthvað í upphafi samfaranna, en hún hefði aldrei beðið sig að hætta þeim.

Um aðdraganda þess, að kærandi fór á slysadeild Borgarspítalans, hefur komið fram, að kvöldið 5. nóvember hafði hún samband við konu, sem hún hafði kynnst áður hjá Stígamótum, og kom hún heim til kæranda. Kveðst kærandi fyrst aðeins hafa sagt henni, að hún hefði sofið hjá ákærða, en konan hefði ekki trúað því, og á endanum hefði hún sagt henni frá því, sem gerðist.

Umrædd kona sagði, að kærandi hefði hringt þetta kvöld og beðið sig að koma og tala við sig. Þær hefðu ekki þekkst mikið, en hist á fundi skömmu áður. Hefðu þær talað saman í nokkrar klukkustundir og kærandi meðal annars sagt sér, að hún hefði orðið fyrir árás í húsi í Breiðholti kvöldið áður, og hefði það orðið til þess, að hún upplifði nauðgun, sem hún hefði orðið fyrir tveimur árum áður. Einnig hefði hún sagt frá því, að vinkonu sinni hefði verið nauðgað þarna í Breiðholti. Henni hefði skilist það í fyrstu, að kærandi hefði viljað sofa hjá ákærða, en hún hafi litið á hann sem verndara. Síðan hafi hún farið að tala um, að hann hafi verið svo harkalegur, að blætt hefði úr sér. Hafi hún í fyrstu afneitað því, að ákærði hefði nauðgað sér. Þetta hafi verið feluleikur hjá henni, og hún hafi ekki

getað sagt allt strax, heldur hafi hún farið í kringum hlutina. Það hafi tekið tvo tíma fyrir sig að komast að raun um það, sem hefði gerst. Aðspurð um það fyrir dómi, hvort kærandi hefði sagt það beinum orðum, að sér hefði verið nauðgað, svaraði vitnið: „Já. Eins og ég met það, þá sagði hún það beinum orðum, það blæðir úr mér.“ Enn aðspurð um það, hvort kærandi hefði sagt, að hún hefði verið beitt ofbeldi, svaraði vitnið: „Það blæðir úr mér, segir mér, að það hafi verið ofbeldi.“ Kærandi hafi sagt við sig, að ákærði hafi gert hluti við hana, sem hún hafi ekki viljað.

II.

Svo sem fyrr segir, hafa tveir læknar, sem komu fyrir héraðsdóm, borið, að áverkar þeir, er kærandi bar, geti komið heim og saman við frásögn hennar um nauðgun og að ólíklegt sé, að slíkir áverkar komi við venjulegar samfarir. Ekki er þó unnt að horfa fram hjá þeirri ályktun, sem draga má af þeim framburði læknanna, að ekki sé óhugsandi, að áverkar sem þessir geti komið við samfarir án nauðungar. Hjá öðrum þeirra kom einnig fram, að hjá mjög ungum konum, sem hafa litla reynslu af samlífi, geti við eðlilegar samfarir komið stórir og miklir áverkar, þó að ekki væri beitt valdi. Þótt varfærni læknanna sé eðlileg, gefur hún engu að síður vísbendingar, sem vekja efasemdir, og þurfa þá önnur sönnunargögn að vera til þess fallin að vega á móti þeim vafa.

Í tengslum við þetta er óhjákvæmilegt að líta til þess, sem áður var rakið um aðdraganda þess, að kærandi leitaði til neyðarmóttöku slysadeildar Borgarspítalans. Viðtal hennar við fyrrgreinda konu gæti gefið vísbendingu um, að hún hafi ekki litið svo á í fyrstu, að ákærði hafi þröngvað sér til samræðis með ofbeldi, heldur hafi hún talið sér hafa verið misboðið á annan hátt. Hins vegar hafi það orðið niðurstaða eftir samtali þeirra, að um nauðgun hafi verið að ræða. Svo virðist einnig sem kærandi hafi í upphafi mjög verið í uppnámi út af því, sem átti að hafa gerst í húsi í Breiðholti fyrr um nóttina, og þeirri niðurlægingu, sem hún taldi sig þá hafa orðið fyrir. Þá þykir nokkru varða, hvernig þau skildu að skiptum um morguninn, og að hún kærði ekki atburðinn hjá lögreglu fyrr en 18 dögum síðar.

Þegar þessi og önnur atriði málsins eru virt í heild, þykir ekki vera fram kominn um sekt ákærða nægileg sönnun, er sé vafalaus og

óvefengjanleg, sbr. 46. gr. laga nr. 19/1991 um meðferð opinberra mála. Verður hinn áfrýjaði dómur því staðfestur.

Samkvæmt þessum úrslitum verður áfrýjunarkostnaður sakarinnar lagður á ríkissjóð, eins og nánar segir í dómsorði.

D ó m s o r ð :

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður.

Áfrýjunarkostnaður greiðist úr ríkissjóði, þar með talin málsvarnarlaun skipaðs verjanda ákærða, Arnar Clausen hæstaréttarlögmanns, 80.000 krónur.

S é r a t k v æ ð i Hrafns Bragasonar og Hjartar Torfasonar

Í forsendum héraðsdóms segir frá aðdraganda þess, að kærandi lagðist upp í rúm hjá ákærða. Af þeim aðdraganda verður ekki annað ráðið en að kærandi hafi viljað komast heim og ákærði ætlað að fara að sofa, en þetta orðið úr, þegar hann lofaðist til að aka henni heim um morguninn, eftir að nægjanlega yrði af honum runnið. Þau lýsa því svo bæði, að til samfara hafi komið, og greinir ekki mjög á um, hvernig þær fóru fram. Aftur á móti heldur ákærði því fram, að kærandi hafi látið að vilja hans, en hún segist hafa neitað samförum. Segir hún, að hann hafi verið ógnandi og hótað henni að ná í félaga sína, svo að þeir gætu aðstoðað sig. Hún hafi þá ekki þorað að verjast honum. Hún hafi þó beðið hann að hætta og hafi farið að gráta, en hann því í engu sinnt. Þetta hafi verið mjög sárt, sérstaklega fyrst, en síðar hafi hún verið orðin „ofboðslega“ dofin. Ákærði heldur því fram, að kærandi hafi á engan hátt verið mótfallin samförunum og aldrei beðið hann um að hætta, „aldrei þannig séð“. Fyrir dómi segir hann: „Ég leit aldrei á þetta sem neina nauðgun eða neitt svoleiðis, kannski smááhugaleysi, en aldrei þannig, að það væri nein mótspyrna hjá henni.“ Aðspurður um, hvort kærandi hafi kveinkað sér einhvern tíma, meðan á samförunum stóð, svarar hann því til, að það hafi hún ef til vill gert í upphafi þeirra.

Kærandi kom á neyðarmóttöku vegna nauðgunar 6. nóvember 1994 kl. 01.20. Þá er eftir henni haft, að ætluð nauðgun hafi orðið

milli kl. 05 og 06 deginum áður. Við læknisskoðun finnast á ytri kynfærum hennar tvö sár, annars vegar á hægra innra barmi, „utarlegt sár, afrifa, eins og ysta lag slímhúðarinnar hafi nuddast af“, hins vegar „djúpt sár, meira en slímhúðin (þ. e. a. s. niður í vöðva) í miðlínu á spöng“. Niðurstaða læknisins er sú, að þetta séu „áverkar eins og eftir mikinn núning móti þurri slímhúð (ekki bleytt sig)“. Í samantekt hans segir m. a.: „Þetta kemur heim og saman við frásögn brotþola um samfarir án hennar vilja. Allt látbragð og frásögn bendir til mikils andlegs áfalls og endurupplifunar á eldra áfalli.“ Læknirinn Rannveig Pálsdóttir, sérfræðingur í húð- og kynsjúkdómum, sagði fyrir dómi, að ekki væri líklegt, að kona með slíka áverka gæti tekið þátt í eðlilegum samförum, og hlyti hún að verða fyrir miklum sársauka.

Arnar Hauksson kvensjúkdómalæknir var kallaður sem vitni fyrir héraðsdóm. Hann staðfesti, að áverkar á kæranda gætu vel komið heim og saman við samfarir gegn vilja. Hann sagði það þó einstaka sinnum geta gerst, að áverkar sem þessir kæmu fram á konum, þótt samfarir væru með vilja beggja. Hann bætti við, að þetta segði hann til að vera alveg hlutlaus, og væri þetta mun ólíklegra. Þá lét hann það álit í ljós, að engin kona nyti sín í samförum með slíka áverka.

Héraðsdómur reisir dóm sinn meðal annars á því, að læknirinn útiloki ekki, að áverkarnir á kynfærum konunnar hafi komið við venjulegar samfarir. Á þetta verður ekki fallist, þar sem ekki er unnt að skilja framburðinn öðruvísi en svo, að úr fullyrðingum sé dregið af faglegri varfærni. Má einnig líta á framburð Rannveigar Pálsdóttur læknis í því ljósi, þótt sá framburður sé öllu eindregnari. Leigubifreiðarstjórinn, sem ók kæranda heim um morguninn, bar það fyrir dómi, að ekki hefði annað getað verið en það hafi eitthvað gerst, hún hefði verið það miður sín.

Niðurstöður skoðunarinnar á neyðarmóttöku 19 til 20 klst. eftir atburðinn og áður greindar skýrslur læknanna og leigubifreiðarstjórans veita yfirgnæfandi líkur fyrir því, að samfarirnar hafi verið að óvilja kæranda. Þegar virtur er framburður ákærða um viljaleysi kæranda og lítið til áverka þeirra, sem á henni voru eftir samfarirnar, verður við það að miða, að honum hafi mátt vera ljóst, að hann væri að þröngva henni til samræðisins með framkomu sinni. Í ljósi

framburðar kæranda um eðli þeirrar nauðungar, sem ákærði beitti, er hins vegar rétt að líta svo á, að verknað hans eigi að heimfæra til 195. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, sbr. lög nr. 40/1992, en ekki 194. gr. laganna, svo sem ákært er fyrir. Samkvæmt 117. gr. laga nr. 19/1991 verður brot hans fært undir fyrrnefnda ákvæðið, þar sem ekki verður talið, að vörn málsins hafi verið áfátt þessa vegna, en telja verður, að aðeins skilji greinarnar, í hverju það ofbeldi er fólgið, sem beitt er í hverju falli.

Ákærði var með dómi Héraðsdóms Reykjaness 30. apríl 1993 dæmdur í 30 daga varðhald, sem skilorðsbundið var í tvö ár, fyrir brot á 1. mgr. 218. gr. almennra hegningarlaga. Skilorðstíminn var því ekki liðinn, þegar hann varð sekur um ofbeldisbrot það, sem hér um ræðir. Ber samkvæmt 60. gr. laganna að taka þessa refsíákvörðun upp og tiltaka refsingu fyrir bæði brotin í einu lagi samkvæmt 77. gr. laganna. Pykir hún hæfilega ákveðin fangelsi í níu mánuði.

Kærandi hefur lagt fram miskabótakröfu, sem er til ákvörðunar hér fyrir dómi. Kærandi greri tiltölulega fljótt líkamlegra meina sinna, og ekki nýtur traustra gagna um andleg mein hennar af völdum ákærða. Pykja bætur til hennar hæfilega ákveðnar 300.000 krónur með dráttarvöxtum frá uppsögu dóms þessa.

Ákærði skal greiða allan sakarkostnað málsins í héraði og fyrir Hæstarétti.

Dómur Héraðsdóms Reykjaness 6. október 1995.

Ár 1995, föstudaginn 6. október, er á dómþingi Héraðsdóms Reykjaness, sem háð er að Brekkugötu 2, Hafnarfirði, af Gunnari Aðalsteinssyni héraðsdómara og meðdómsmönnum Guðmundi L. Jóhannessyni héraðsdómara og Sveini Sigurkarlssyni héraðsdómara, kveðinn upp dómur í málinu nr. S-322/1995: Ákærvaldið gegn X.

Mál þetta, sem dómtekið var 27. september sl., er höfðað með ákæruskjali ríkissaksóknara 27. júní 1995 á hendur X „fyrir nauðgun með því að hafa aðfaranótt laugardagsins 5. nóvember 1994 á heimili sínu þröngvað E[...], 19 ára, með ofbeldi til holdlegs samræðis.

Telst þetta varða við 194. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, sbr. 2. gr. laga nr. 40/1992.

Þess er krafist, að ákærði verði dæmdur til refsingar“.

Í málinu gerir E eftirfarandi bótakröfu:

Þjáningarbætur	kr. 23.800
Fjárhagslegt tjón skv. áætlun	– 154.000
Miskabætur	– 800.000
	Kr. 977.800

auk vaxta skv. 7. gr. vaxtalaga nr. 25/1987 frá 5. 11. 1994 til 23. 12. 1994, en með dráttarvöxtum skv. sömu lögum frá þeim degi til greiðsludags og kostnaðar vegna lögmannaðstoðar eftir mati dómara eða síðar fram lögðum reikningi.

— — —

IV.

Fram er komið, að kærandi og ákærði þekktust ekki, er þau hittust í miðbæ Reykjavíkur aðfaranótt 5. nóvember 1994. Þau héldu í samkvæmi í Breiðholti, þar sem þau stöldruðu stutt við, en fóru að því búnu heim til ákærða í Kópavog. Þeim ber saman um, að vel hafi farið á með þeim og þau eitthvað verið að kyssast. Kærandi heldur því fram, að hún hafi orðið fyrir aðkasti í Breiðholti, og kærði tvo menn, sem í samkvæminu voru. Það mál var af hálfu ríkissaksóknara látið niður falla, og svo var einnig um kæru vinkonu hennar um nauðgun í sama samkvæmi.

Eftir að í Kópavog var komið, fór ákærði fljótlega inn í herbergi sitt til að fara að sofa. Kærandi fór á eftir honum og sagði honum, að hún vildi fara heim. Ákærði stakk upp á, að hún legðist upp í rúm hjá honum og svæfi, þar til hann gæti ekið henni heim daginn eftir. Hún féllst á þetta, og síðan höfðu þau samfarir, en greinir mjög á um það, með hverjum hætti það hafi borið til.

Kærandi segir, að ákærði hafi komið fram vilja sínum með hótunum og hún ekki þorað annað en að fara að vilja hans. Engin átök hafi því orðið, enda bar hún þess ekki heldur nein ótvíræð merki. Vitnið Guðmundur leigubifreiðarstjóri, sem ók kæranda heim eftir atburðinn, hafði eftir henni, að ekkert hefði gerst, þrátt fyrir það að honum fyndist hún mjög miður sín. Sakfelling yrði því að byggjast á framburði kæranda, áverkavottorði og framburði leigubifreiðarstjórans.

Þegar þessir þættir eru virtir, sérstaklega álit kvensjúkdómalæknisins hér að framan, að ekki sé unnt að aftaka, að áverkar á kynfærum hafi komið við venjulegar samfarir, þykir varhugavert að telja sannað gegn eindreginni neitun ákærða frá upphafi rannsóknar málsins, að hann hafi gerst sekur um þann verknað, sem honum er gefinn að sök í ákæru. Ber því að sýkna ákærða af refsikröfu ákæruvaldsins, sbr. 46. gr. laga nr. 19/1991 um meðferð

opinberra mála. Með þeirri niðurstöðu verður bótakröfu kæranda vísað frá dómi, sbr. 3. mgr. 172. gr. laga nr. 19/1991.

Allur sakarkostnaður greiðist úr ríkissjóði, þ. m. t. málsvarnarlaun skipaðs verjanda ákærða, Sveins Andra Sveinssonar hdl., 100.000 kr.

D ó m s o r ð:

Ákærði, X, skal vera sýkn af kröfum ákæruvalds í máli þessu.

Skaðabótakröfu E er vísað frá dómi.

Allur kostnaður sakarinnar greiðist úr ríkissjóði, þar með talin málsvarnarlaun skipaðs verjanda ákærða, Sveins Andra Sveinssonar hdl., 100.000 kr.
